

## NaNO Fréttabréf – Júlí 2014

### Hvað höfum við gert í júní?

Unnið að mati á námskeiðinu *Náttúruvísindi á 21. öld*. Aðstoðarmaður sem við fengum í lið með okkur hefur nú lokið sínum hluta og við höfum unnið áfram með afrakstur þeirrar vinnu.

Við tókum þátt í Norrænni rannsóknarráðstefnu um náttúrufræðimenntun í Helsinki í Finnlandi 4.-6. júní. Öll fluttum við erindi, Svava tvenn, annars vegar um rannsókn sína og Gunnhildar um stöðu náttúrufræðimenntunar á Íslandi og hins vegar um Náttúrutorg. Ester flutti erindi um áskoranir í kennslu nanótækni og Birgir flutti erindi um kennslu loftslagsverkfræði, bæði erindin með skírskotun til viðeigandi lota í námskeiðinu *Náttúruvísindi á 21. öld*. Flutningur erindanna tókst vel. Dagskrá og innihald ráðstefnunnar vakti áhuga og varð kveikja að ýmsu umræðum um náttúrufræðimenntun og -kennslu, bæði innan íslenska hópsins og utan þar sem áhugavert var að heyra álit og skoðanir kollega utan landsteinanna. Stefnt er að áframhaldandi vinnu þar sem dreginn verður saman lærdómur ferðarinnar annars vegar og samskiptum haldið áfram við valda fagaðila erlendis.

Nú er hafin vinna við tæknilegan undirbúning á hugmyndabanka um viðfangsefni náttúruvísinda 21. aldar.

Við sóttum ráðstefnuna Lífhagkerfi norðurslóða sem haldin var 25. júní á Hótel Selfossi. Fjallað var m.a. um verkefni sem snúa að aukinni framleiðslu lífmassa og með því að hlúa að nýsköpun, vinna að bættri nýtingu og sjálfbærni í framleiðsluferlum og þar með hagkvæmari afrakstri auðlinda.

Birgir er í 20 % vinnu í sumar (1. júní til 31. ágúst) í stað 100 %.

### Hvað er framundan?

Klára mat á námskeiðinu *Náttúruvísindi á 21. öld*. Stefnt er að birtingu skýrslu um námskeiðið þar sem fram kemur hvernig staðið var að námskeiðinu, hvað tókst vel til og hvað betur hefði mátt fara. Unnt verður að nota þessar upplýsingar við frekari þróun á námskeiðinu.

Vinna að *hugmyndabanka* fyrir kennara. Í bankanum verði að finna verkefni sem kennarar geta nælt sér í, kennsluhugmyndir o.fl. Markmið með bankanum er m.a. að kennarar geti leitað í efni á íslensku. Áhersla verður lögð á náttúruvísindi 21. aldar. Bankinn verður hluti af Náttúrutorgi.

Vinna að skipulagningu námskeiðsins *NaNO - ný vísindi með sjálfbærni að leiðarljósi* sem stendur grunnskólakennurum til boða næsta vetur. Námskeiðið er byggt að hluta á námskeiðinu *Náttúruvísindi á 21. öld*.

Vinna NaNO hópsins er styrkt af Aldarafmælistjóði HÍ, Þróunarsjóði námsgagna, Kennslumálasjóði HÍ og Endurmenntunarsjóði grunnskóla.

Birgir U. Ásgeirsson, Ester Ýr Jónsdóttir og Svava Pétursdóttir